



# Framkvæmda- fréttir 12. tbl. / 11

## Mikill snjór á hálendinu

Vegir á hálendinu opnast seinna í ár en undanfarin ár og er ástæðan fyrst og fremst sú að það er meiri snjór til fjalla en venjulega. Þrátt fyrir það hefur verið mokaður snjór á fjallvegum í ár og í sumum tilvikum eins og á Kjalvegi nokkuð meira en gert hefur verið síðastliðin ár.

Mokað hefur verið í gegnum nokkur höft undanfarnar vikur en minni fjárveitingar gefa ekki tilefni til að fara í miklu umfangsmeiri snjómokstur á hálendinu en tíðkast hefur, það myndi einnig þjóna litlum tilgangi þar sem á sumum stöðum hafa legið „stöðuvötn“ yfir vegum fram undir núna. Þannig hefur það til dæmis verið á Landmannaleið.

Mokað var á Kjalvegi gegnum höft á Bláfellshálsi fyrir um fjórum vikum síðan og síðar var mokað í gegnum höft sem voru á leiðinni norðan Kerlingafjallavegar að Hveravöllum. Þetta flýttir fyrir þornun vegarins. Sjá mynd =>



## Auglýsingar útboða

### Niðurrekstrarstaurar

#### á Vestfjörðum 2011 11-038

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í framleiðslu á 8,5-12 m löngum niðurrekstrarstaurum undir brýr á Seljalandsá og Seljalandsós í Ísafjarðardjúpi og Staðará í Steingrímsfirði.

Helstu magntölur eru:

Seljalandsá og Seljalandsós:

Heildarlengd niðurrekstrarstaura . . . .	724 m
Heildarfjöldi niðurrekstrarstaura . . . . .	66 stk.
Flutningur . . . . .	132 tonn

Staðará:

Heildarlengd niðurrekstrarstaura . . . . .	918 m
Heildarfjöldi niðurrekstrarstaura . . . . .	108 stk.
Flutningur . . . . .	168 tonn

Lokið skal við að framleiða alla staurana eigi síðar en 20. september 2011. Flytja skal staurana á verkstaði eftir nánara samkomulagi við verkkaupa.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 4. júlí 2011. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 19. júlí 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Festun og yfirlögn á Vesturlandi og Norðurlandi 2011 11-037

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í festun með froðubiki eða sementi ásamt lögn á tvöfaldri klæðingu á Hringvegi í Norðurárdal í Borgarfirði, Hringvegi í Vatnsdal, Hringvegi og Sauðárkróksbraut í Skagafirði og Hringvegi í Hörgárdal 2011. Um er að ræða 5 vegkafla, alls um 7,8 km.

Helstu magntölur eru:

Festun með froðubiki eða sementi . . .	59.200 m <sup>2</sup>
Tvöföld klæðing . . . . .	61.900 m <sup>2</sup>
Efra burðarlag, afrétting . . . . .	500 m <sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2011.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 4. júlí 2011. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 19. júlí 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 sama dag.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 12. tbl. 19. árg. nr. 568 4. júlí 2011

Ritstjórn og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
**vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



## Hugvitssamir hrossabændur

Þessar myndir bárust okkur frá þjónustustöð Vegagerðarinnar á Þórshöfn. Hrossabóndi á þjónustusvæði þeirra hefur áttað sig á því að vegkanturinn væri gott beitarnland og ófært að nýta hann ekki. Vegstikurnar koma svo að góðu gagni við halda uppi rafmagnsgirðingunni. Að vísu hefur þurft að leggja í talsverðar endurbætur á stikunum svo vírinn haldist á sínum stað en það hefur sjálfsagt svarað kostnaði.

Það er kannski rétt að taka það fram að þetta framtak er ekki til eftirbreytni. ■

## Niðurstöður útboða

### Vetrarþjónusta 2011 - 2014, Vegamót - Borgarnes, Brattabrekka 11-030

Tilboð opnuð 15. júní 2011. Snjómokstur með vörubifreiðum, innan ramma ábatasamnings, á eftirtöldum vegum: Snæfellsnesvegur ( 54), frá Vatnaleið (56) syðri enda - Borgarnes, 63, km  
Hringvegur (1), frá Borgarnesi - Norðurárdalsvegur (528) norðurendi, 46,1 km  
Vestfjarðarvegur um Bröttubrekku (60), frá Hringvegi að Breiðabólstað, 16,9 km  
Helstu magnþölur á ári eru:  
Vörubílar í snjómokstri  
og hálkuvörn..... 28.200 km  
Verktími er frá 16. september 2011 til og með 30. apríl 2014.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	21.468.000	100,0	7.284
3 Borgarverk ehf., Borgarnesi	21.350.000	99,5	7.166
2 Velverk ehf., Brúarhrauni	19.683.000	91,7	5.499
1 JBH vélar ehf., Borgarnesi	14.184.000	66,1	0

### Upphéraðsvegur (931),

#### Skeggjastaðir - Teigaból 11-029

Tilboð opnuð 15. júní 2011. Styrking og slitlagslögn á Upphéraðsvegi (931), á kafla sem byrjar 540 m norðan við vegamótin að Skeggjastöðum II og nær 340 m suður fyrir vegamótin að Teigabóli í Fellum á Fljótsdalshéraði. Heildarlengd útboðskaflans er um 3 km.

Verkið felst í afréttingu á neðra burðarlagi, útlögn á efra burðarlagi og klæðingu ásamt tilheyrandi lagfæringum á vegfláum og lengingu á ræsum. Grafa þarf nýjan skurð á um 640 m löngum kafla.

Helstu magnþölur eru:

Skurðir .....	1.800 m <sup>3</sup>
Steinröraræsi .....	15 m
Stálröraræsi .....	18 m
Heflun undirbyggingar .....	18.000 m <sup>2</sup>
Neðra burðarlag .....	7.500 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag .....	2.700 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing .....	20.000 m <sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. september 2011.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 P.S. Verktakar ehf., Egilsstöðum	33.726.956	104,7	5.119
--- Áætlaður verktakakostnaður	32.226.825	100,0	3.619
2 S.G. Vélar ehf., Djúpavogi	31.985.000	99,2	3.378
1 Ylur ehf., Egilsstöðum	28.607.500	88,8	0



# Mikil umferð um nýju göngin

Áður birt á vegagerdin.is 22.06.2011.

Hér nokkuð stytt

Þrátt fyrir almennan samdrátt í umferðinni er umferð um Bolungarvíkurgöng og Héðinsfjarðargöng í samræmi við væntingar.

Þegar árið er rétt tæplega hálfnað og tveir umferðarmestu mánuðir ársins framundan, þá hefur meðalumferð um Bolungarvíkurgöng verið 736 (bílar/sólarhring) en það er um 6 prósentum meiri umferð en um Óshlíð fyrir sama tímabil, árið 2010. Segja má að væntingar hafi verið þær að svipuð umferð færi um Bolungarvíkurgöng og áður fóru um Óshlíð, sem er raunin.

Það má því segja að orsökum umferð sé um 6 prósent, á þessum stað. Orsökum umferð er það sem Vegagerðin kallar þá umferð sem orsakast eingöngu af bættum vegasamgöngum, milli tveggja skilgreindra svæða. Ekki er oft sem Vegagerðin fær svona gott tækifæri til að mæla hana, með svo afgerandi hætti.

Alla jafna er 6 prósent orsökum umferð í lægri kantinum, en þá ber að líta til þess að um óverulega vegstyttingu er að ræða og er sú stytting hafin upp af minni hámarks hraða, sem leyfður er um göngin en leyfður var um Óshlíðina. Þannig að vegbæturnar hér felast fyrst og fremst í öruggari samöngum á milli Bolungarvíkur og Ísa-fjarðar.



Meðfylgjandi línurit sýnir þróun umferðar um Bolungarvíkurgöng það sem af er ári, borið saman við sama tímabil árið 2010, um Óshlíð.

Umferð um Héðinsfjarðargöng var að meðaltali um 470 (bílar/sólarhring), um bæði göng, fyrir sama tímabil. Örlíttill munur er á umferð um göngin tvö þ.e.a.s. 4 prósent meiri umferð er um göngin Siglufjardarmegin.

Á meðfylgjandi línuriti má sjá hvernig meðalumferð um Héðinsfjarðargöng hefur þróast, það sem af er ári. ■



Umferð um Héðinsfjarðargöng á vígsludegi 2. október 2010.



## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
11-020 Vetrarþjónusta 2011-2014, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri	2011
11-019 Vetrarþjónusta 2011-2014, Brjánslækur - Bíldudalur	2011
11-017 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Straumsvík	2011
11-012 Hringvegur (1), Norðausturvegur - Hruteyjarkvísl, styrking og endurbætur	2011
11-004 Girðingar á Suðursvæði 2011	2011
11-005 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2011	2011
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
11-038 Niðurrekstrarstaurar á Vestfjörðum 2011	04.07.11 19.07.11
11-037 Festun og yfirlögn á Vesturlandi og Norðurlandi 2011	04.07.11 19.07.11
11-013 Styrkingar og yfirlögn á Norðaustursvæði 2011	14.06.11 28.06.11
11-036 Breiðadals- og Botnsheiði, endurbætur á rafkerfi ganga	30.05.11 28.06.11
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
11-029 Upphéraðsvegur (931), Skeggjastaðir - Teigaból	30.05.11 15.06.11
11-030 Vetrarþjónusta 2011-2014, Vegamót - Borgarnes - Brattabrekka	30.05.11 15.06.11
11-035 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, norðurhluti, klæðing	23.05.11 31.05.11
11-034 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, austurhluti, klæðing	23.05.11 31.05.11

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
11-021 Ólafsfjarðarvegur (82), snjófóðavarnir við Sauðanes	23.05.11	07.06.11
11-031 Brú á Kópavogslæk (40), - viðgerð steypu	16.05.11	31.05.11
11-002 Yfirlagnir á Suðursvæði, klæðing 2011	09.05.11	24.05.11
11-032 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2011, repave eða fræsing og malbik	09.05.11	24.05.11
10-057 Hringvegur (1) brú á Ystu - Fjúkandi	04.10.10	26.10.10
Samningum lokið	Opnað:	Samið
11-024 Brú á Þambá (68), viðgerð steypu Verkvik - Sandtak ehf. 491190-1409	17.05.11	10.06.11
11-027 Brú á Þorskafjarðará (60), sandblástur og málnun Verkvik - Sandtak ehf. 491190-1409	17.05.11	10.06.11
11-033 Dyrhólavegur Framrás ehf. 491190-1409	31.05.11	23.06.11
11-008 Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði og Suðursvæði 2011-2012, sprautuplast og mössun Vegamálun ehf. 630497-2649	24.05.11	15.06.11
11-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2011, malbik Malbikunarstöðin Höfði ehf. 581096-2919	24.05.11	14.06.11
11-026 Brýr á Hrófá og Fellsá (68), viðgerð steypu Íslandsmálarar ehf., 510507-1260	17.05.11	15.06.11
11-025 Brú á Tunguá (68), viðgerð steypu Íslandsmálarar ehf., 510507-1260	17.05.11	15.06.11
Forval í vinnslu	Auglýst:	Opnað:
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11	03.05.11



Vegagerðarfolk í Reykjavík og á Suðvestursvæði hefur tekið í fóstur fallegan hvamm við Krýsuvíkurveg hjá Kleifarvatni. Hann er nefndur Eyvindarlundur í höfuðið á Eyvindi heitnum Jónassyni rekstrarstjóra í Reykjanesumdæmi sem var einn þeirra sem áttu frumkvæðið að þessu framtaki. Nú er þarna skjólsæll áningarstaður. Snemma sumars er haldinn umhverfisdagur hjá Vegagerðinni og þá er gjarnan gengið til góðra verka á þessum stað. Þann 8. júní sl. var unnið við göngustíga og gróðursetningu.